

Minnisblað
17.09.2020
BPO

202009057 erindi frá íbúasamtökum á Árskógssandi

Eftirfarandi framkvæmdir leggur umhverfissráð til að farið verði í á næsta ári .

1. Gerður verði upplýstur göngustígur austan Hafnarbrautar og Árskógssandsvegar frá Öldugötu og upp að Ólafsfjarðarvegi.

Umhverfissráð vísar þessum lið til endurskoðunar aðalskipulags Dalvíkurbyggðar.

3. Sjávargata verði malbikuð.

Umhverfissráð leggur til að framkvæmdin verði sett á 3 ára áætlun og sviðsstjóra falið að uppfæra kostnaðaráætlun.

4. Svæðið í kringum og undir biðskýlinu í Öldugötu verði malbikað og frágengið.

Umhverfissráð leggur til að umbeðnar lagfæringar við biðskýli verði framkvæmdar árið 2021 og felur sviðsstjóra að kosnaðarmeta verkið fyrir næsta fund ráðsins.

5. Götulýsing Hafnarbraut.

Umhverfissráð felur sviðsstjóra og sveitarstjóra að þrýsta á Vegagerðina varðandi lýsingu.

- 6. Leiksvæði:** Keypt verði nýtt leiktæki í staðinn fyrir klifurgrind sem áætlað er að fjarlægja sökum aldurs og bágborins ástands. Göngustígur frá Öldugötu inn á leikvöll verði malkbikaður eða hellulagður. Haldið verði áfram í snyrtingu og endurbyggingu gróðurs í kringum leiksvæðið.

Umhverfissráð leggur til að umbeðnar lagfæringar verði framkvæmdar árið 2021 og felur sviðsstjóra að kosnaðarmeta verkið fyrir næsta fund ráðsins.

- 7. Bæta þarf umhirðu opinna svæða í byggðalaginu.**

Umhverfissráð vísar þessum lið til eigna- og framkvæmdadeildar.

- 8. Brúarhvammsreitur stígar og aðstaða.**

Lagfæra göngustíga, bæta við borðum bekkjum og koma upp grillaðstöðu og bæta aðgengi fyrir þá sem erfitt eiga með gang.

Umhverfissráð vísar þessum lið til eigna- og framkvæmdadeildar.

- 9. Lagfæra þarf og endurnýja göngustíg frá Ártúnafleggjara upp í Brúarhvam.**

Umhverfissráð vísar í bókun ráðsins undir máli nr. 202009053 þar sem samþykkt var að fara í endurbætur á þessum stíg.

- 10. Lagfæra þarf og endurnýja göngustíg frá Árskógssandsvegi út að Móatjörn.**

Umhverfissráð leggur til að umræddur stígur verði kurlborinn og felur sviðsstjóra að kosnaðarmeta verkið fyrir næsta fund ráðsins.

- 11. Stigi og frágangur frá Ferjubryggju upp á Hafnarbraut.**

Ljúka þarf lagningu stiga frá aðstöðuhúsi við ferjubryggju upp á Hafnarbraut.

Umhverfissráð leggur til að nýr stigi verði hannaður og settur upp árið 2021 og felur sviðsstjóra að kosnaðarmeta framkvæmdina fyrir næsta fund ráðsins. Ráðið felur sviðsstjóra einnig að hafa samband við Vegagerðina varðandi kostnaðarpáttöku þeirra.



12. Bílastæði og heimreið við Stærri-Árskógskirkju.

Malbika þar bílastæðin við Stærri-Árskógskirkju og fara í viðræður við Vegagerðina um að fá heimreiðina heim að kirkjunni klædda með klæðningu.

Umhverfissráð getur ekki tekið afstöðu til þessa liðar og felur sviðsstjóra að afla upplýsinga fyrir næsta fund ráðsins 2. október.

13. Atriði sem fulltrúar Dalvíkurbyggðar gerðu grein fyrir á íbúafundi í júní.

- Götulýsing er í framkvæmdarferli.
- Ærslabelgur er kominn upp
- Malbikun á horni Ægisdötu og Aðalbrautar verður kláruð 2021.